

Sorporkuver á Strönd á Rangárvöllum

Umhverfismat framkvæmdar

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við matsáætlun

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hyggst koma upp sorporkustöð með orkuvinnslu (sorporkuveri) á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra í samvinnu við fleiri aðila. Uppsett afl stöðvarinnar verður 1MW til að byrja með og er áætlað að orkan verði framleidd með brennslu á allt að 2.500-3.000 tonnum af blönduðum úrgangi á ári miðað við að brennslugildi úrgangsins sé 11 til 12 MJ/kg að jafnaði. Gert er ráð fyrir að orkuframleiðsla stöðvarinnar jafngildi 8.000 MWh af heitu vatni á ári. Möguleiki er á að tvöfalda vinnslugetu stöðvarinnar síðar með því að bæta við annarri hliðstæðri einingu. Í samræmi við það miðast umhverfismat stöðvarinnar við allt að 6.000 tonna árlega vinnslugetu og orkuframleiðslu upp á allt að 16.000 MWh á ári. Veitur, sem reka hitaveitu á svæðinu, hafa lýst áhuga á að kaupa orkuna og nota hana til að hækka hitastig jarðhitavatns og bæta þannig nýtingu takmarkaðra jarðhitaauðlinda á svæðinu.

Matsáætlun vegna framangreindrar framkvæmdar var birt í Skipulagsgátt 30. júní 2025 og jafnframt leitaði Skipulagsstofnun umsagnar umsagnaraðila eftir því sem við átti. Frestur almennings og umsagnaraðila til að skila umsögnum til stofnunarinnar rann út 29. júlí 2025.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi umsagnaraðilum (dagsetningar miðast við birtingu í Skipulagsgátt):

- Veitur, 1. júlí 2025
- Umhverfis- og orkustofnun, 11. júlí 2025
- Rangárþing ytra, 23. júlí 2025
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 24. júlí 2025
- Minjastofnun Íslands, 28. júlí 2025

Í þessu skjali er gerð grein fyrir viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim efnisatriðum úr framkomnum umsögnum sem lúta að mati og vinnslu umhverfismatsskýrslu, einkum m.t.t. þess hvort framkvæmdaraðili hyggist fara eftir tilteknum ábendingum sem umsagnirnar fela í sér. Einnig er leitast við að rökstyðja hvers vegna framkvæmdaraðili hyggist ekki fara eftir ábendingum, sé um slíkt að ræða.

Umsögn		Viðbrögð
Veitur		
1.	Veitur gera ekki athugasemdir en leggja áherslu á áframhaldandi gott samráð og samstarf um verkefnið.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.
Umhverfis- og orkustofnun		
1.	Í matsáætlun kemur ekki fram hvaða eldsneyti verði notað við gangsetningu og til að viðhalda bruna í brennsluofnum. Stofnunin bendir á að val á eldsneyti getur haft áhrif á mengun og losun í loft.	Gerð verður grein fyrir eldsneytisnotkun í umhverfismatsskýrslu.
2.	Stofnunin telur ólíklegt að botnaska sem myndast við bruna á blönduðum úrgangi geti talist hæf til nýtingar með þeim hætti sem lýst er í matsáætlun, svo sem til fyllingar í húsgrunnum eða vegstæðum.	Eins og fram kemur í matsáætlun er umrædd nýting botnösku háð því að tilskilin leyfi fáist. Ein meginforsenda þess er að askan uppfylli skilyrði fyrir óvirkan úrgang sbr. lið 2.1.2 í viðauka II við reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003. Fjallað verður nánar um þetta atriði í umhverfismatsskýrslu, svo og um farveg fyrir öskuna ef hún uppfyllir ekki umrædd skilyrði. Tekið verður mið af BAT-skýrslu fyrir brennslu úrgangs í þessu sambandi.
3.	Engar upplýsingar um vatnsnotkun eða frárennsli frá starfseminni koma fram í matsáætluninni. Stofnunin bendir á að við mat á umhverfisáhrifum þarf að skoða hvort rekstur sorporkuversins geti haft áhrif á nærliggjandi vatnshlot.	Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við sérstökum kafla um vatnsnotkun stöðvarinnar og möguleg áhrif á vatnshlot.
4.	Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rekstur sorpbrennsluofnanna er starfsleyfisskyldur hjá stofnuninni.	Eins og fram kemur í matsáætlun er nýtt starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun forsenda fyrir rekstri sorporkuversins.
Rangárþing ytra		
1.	Rangárþing ytra gerir engar athugasemdir við framlagða matsáætlun.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands		
1.	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir engar athugasemdir við matsáætlunina.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.
Minjastofnun Íslands		
1.	Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina. Fyrir liggur fornleifaskráning sem gerð var vegna aðalskipulags (útg. 2010) auk þess sem minjavörður Suðurlands hefur skoðað umrætt svæði á vettvangi. Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Auk þess er landið mjög raskað og litlar líkur á að minjar finnist.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.

Engar umsagnir bárust frá félagasamtökum eða einstaklingum:

Tekið saman fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. 25. ágúst 2025

Stefán Gíslason

Environice